

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun
Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 497, 19. desember 1990,
sbr. reglugerð nr. 195, 1. júní 1992.**

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

1. gr.

Á tímabilinu 1. október til 31. desember 1992 skal skráningargjald vera kr. 500 (taxti 0.5).

Íhlutir í skráð raftæki sem ætlaðar eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1992. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 195, 1. júní 1992 um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 497, 19. desember 1990.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 7. september 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Selfoss og fundarsköp
bæjarstjórnar nr. 550/1987.**

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð og aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru kjörgengir sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1992.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.